

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum, nr. 446/2024.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „Um auglýsingu og tilkynningu til umboðsmanna fer skv. 3. mgr. 5. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, kemur: Eigi síðar en tveimur dögum fyrir kjördag skal kjörstjóri birta auglýsingu um atkvæðagreiðslurnar, en að öðru leyti fer um auglýsingu og tilkynningu til umboðsmanna skv. 3. mgr. 5. gr.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „Um auglýsingu og tilkynningu til umboðsmanna fer skv. 3. mgr. 5. gr.“ í 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, kemur: Eigi síðar en tveimur dögum fyrir kjördag skal kjörstjóri birta auglýsingu um atkvæðagreiðslurnar, en að öðru leyti fer um auglýsingu og tilkynningu til umboðsmanna skv. 3. mgr. 5. gr.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „landskjörstjórn birtir á vef sínum“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, kemur: birt er á vef sýslumanna og landskjörstjórnar; og á eftir orðinu „borist“ í 3. másl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, kemur: hlutaðeigandi.

#### 4. gr.

Í stað orðanna „er kjörstjóra heimilt að“ í 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar, kemur: skal kjörstjóri.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 69. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 23. mars 2026.*

**Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Páll Winkel.*

\_\_\_\_\_  
B deild - Útgáfudagur: 26. mars 2026